

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**7. fundur**  
**haldinn að Lyngási, 17. janúar 2008**

**Mættir:** Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir, Þórhallur Þorsteinsson, Skúli Björn Gunnarsson og Skarphéðinn G. Þórisson.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Óstaðfest fundargerð síðasta fundar stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs
3. Önnur mál

Eiríkur formaður stýrði fundi og setti hann kl. 20.05. Gengið var til dagskrár.

**1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

Samþykkt fundargerð 6. fundar.

**2. Óstaðfest fundargerð síðasta fundar stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs**

Formaður gerði grein fyrir því sem fram fór á síðasta fundi stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs sem haldinn var 7. desember. Umræður urðu um samningaviðræður ferðafélaganna varðandi skála þeirra sem landvörslustöðva og ýmis önnur mál í fundargerðinni.

**3. Önnur mál**

**a) Viðræðufundir svæðisráðs við hagsmunaaðila**

Rætt um að kanna að fá fund með Brúarbræðrum nk. mánudagskvöld. Ná síðan fundum með öðrum landeigendum og ábúendum í kjölfarið ásamt aðilum sem tengjast þjónustustöðvunum, þ.e. Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, ferðapjónustuaðilum á Aðalbóli og í Möðrudal. Stefnt á að halda síðan opinn kynningarfund fimmtudaginn 21. febrúar sem til yrðu boðaðir sérstaklega fulltrúar hinna ýmsu hagsmunasamtaka og aðila.

**b) Slóðamál**

Þórhallur vakti athygli á því að sem fyrst yrði að hefja umræðu um hvaða slóðar eiga að vera opnir og hverja á að leggja af innan þjóðgarðsins og hvaða reglur eiga að gilda um akstur innan þjóðgarðssvæðisins hér eystra.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21.50

Skúli Björn Gunnarsson  
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson